

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 737/2001 um Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 8. gr.

Ný málsgrein bætist aftan við 1. mgr. og verður 2. mgr. svohljóðandi:

Forstöðumaður vinnur að rannsóknum á sviði siðfræði:

- a. með eigin rannsóknum,
- b. með umsóknum og þátttöku í íslenskum, norrænum og evrópskum rannsóknar-
áætlunum,
- c. með því að hvetja til rannsókna á sviði siðfræði.

Önnur og þriðja málsgrein verða þriðja og fjórða málsgrein.

2. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 30. ágúst 2007.

Kristín Ingólfssdóttir.

Þórður Kristinsson.